

**Sp. 318. Tillaga til þingsályktunar [163. mál]**  
um rannsókn á innsiglingarleiðinni í Höfn í Hornafirði.

Flm.: Sverrir Hermannsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta þegar í stað rannsaka ítarlega innsiglingarleiðina í Höfn í Hornafirði og alla hafnaraðstöðu austur þar.

#### Greinargerð.

Ýmislegt þykir benda til að iskyggilega horfi um siglingu skipa til Hafnar í Hornafirði sökum breytinga á innsiglingarleið. Höfn í Hornafirði er ört vaxandi bær sem liggur einna best allra að fiskimiðum. Það er þjóðhagsleg nauðsyn að fá úr því skorið þegar í stað til hvaða ráða þarf að grípa, svo tryggja megi örugga innsiglingu og góða hafnaraðstöðu austur þar.